

SLÁTURGERÐ OG SAMVERA

HÓPSLÁTURGERÐ Í FÉLAGSHEIMILINU Á BLÖNDUÓSI

Eigum góðan dag saman, börn, foreldrar, ömmur, afar, frænkur, frændur, systur og bræður.
Allir sem mæta fá happdrættismíða. Kl. 15 verða dregnir út glæsilegir vinningar.

Paulvanar sláturgerðarkonur kenna og aðstoða gesti við sláturgerðina. Ekkert þáttökugjald.



Ætli það sé gott að setja kanil í slátrid? Timian eða Tandoori? Af hverju ekki að prófa nýtt tvist í sláturgerðinni? Hægt verður að koma í Félagsheimilið á Blönduósi og taka þátt í sláturgerð eða bara koma og fylgjast með. Allir fá svo sinn afrakstur með heim í soðið. Allt hráefni og áhöld á staðnum.

Hin aldagamla íslenska hefð að taka slátur á haustin er á töluverðu undanhaldi í nútíma þjófélagi. Hér áður fyrr þótti sláturgerð hluti af sjálfsögðum haustverkum þar sem flest heimili tóku slátur. Félagsleg athöfn þar sem fjölskyldur hittust og tóku slátur saman, kynslóðir sameinuðust og þau yngri lærðu vinnubrögðin af þeim eldri. Markmiðið er að tengja sláturgerð við okkar heimabyggð og varðveita þessa aldargömlu hefð með því að endurvekja sláturgerð í samfélaginu þar sem hefðin hefur smám saman farið dvínandi og fáir taka slátur.

ALLIR VELKOMNIR



SÓKNARÁÆTLUN
NORDURLANDS VESTRA